



Alþingi
Erindi nr. P 136/102
komudagur 17.11.2008

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 14.11 2008
200810-0014

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um skipan frídaga að vori (85 mál).

Alþýðusamband Íslands leggst eindregið gegn b. lið tillögunnar þar sem lagt er til að 1.maí verði haldinn hátíðlegur sem frídagur verkamanna, fyrsta mánudag í maí.

1.maí er skilgreindur sem frídagur verkafólks í almennum kjarasamningum þó að hann sé skilgreindur sem almennur frídagur allra með lögum 39/1966. Hann verður því ekki fluttur á annan almanaksdag í maí nema með ólögumætu inngripi Alþingis í kjarasamninga.

Virðingarfyllst,

Magnús M. Norðdahl hrl.,
lögfræðingur ASÍ.

Alþingi
Erindi nr. Þ 136/286
komudagur 2.12.2008



Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. nóvember 2008

Efni: Umsögn BSRB um tillögu til þingsályktunar um skipan frídaga að vori.

BSRB hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um skipan frídaga að vori.

BSRB leggst gegn þeim tillögum sem koma fram í þingsályktuninni og leggur sérstaka áherslu á að baráttudagur verkalýðsins verði áfram lögskipaður frídagur þann 1. maí. Rétt er að geta þess að dagurinn er ekki eingöngu lögskipaður frídagur hér á landi, hann er alþjóðlegur baráttudagur verkalýðsins og upphaf hans má rekja allt aftur til níunda áratugar 19. aldar. Því eru kröfugöngur og útifundir haldnir í fjölda annarra landa þann 1. maí, rétt eins og hér á landi. Í tillögunni sjálfri segir réttilega að 1. maí hafi bæði sögulega og táknræna þýðingu fyrir verkalýðshreyfinguna. Þarna er einmitt bent á ríkar ástæður til þess að ekki verði hróflað við baráttudegi verkalýðsins með nokkrum hætti.

Þá verður það að teljast í besta falli einkennileg meginrök fyrir þessari tillögu að stakir frídagar séu óheppilegir á vinnustöðum sökum þess að þeir skapi óhagræði, dragi úr framleiðni og loks að með breytingunni sé markmiðið að stuðla að auknum samverustundum fjölskyldna í landinu. Ekki verður séð hvernig einn stakur frídagur sé lakari kostur fyrir fjölskyldur til samveru heldur en til að mynda þrír samfelldir.

Fyrir hönd BSRB

Helga Jónsdóttir

Helga Jónsdóttir,
framkvæmdastjóri BSRB

Alþingi
Erindi nr. Þ 136/156
komudagur 19.11.2008

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 14. nóvember 2008

Tilvísun: 2008100725 LSL/--

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um skipan frídaga að vori.

Persónuvernd vísar til bréfs allsherjarnefndar Alþingis, dags. 29. október sl., þar sem óskað er umsagnar Persónuverndar um tillögu til þingsályktunar um skipan frídaga að vori, 85. mál, þskj. 90 á 136. löggjafarþingi.

Í þingsályktunartillögunni er lagt til að stakir frídagar sem bera upp á fimmtudagi verði færðir til föstudags til hagræðis fyrir framleiðni fyrirtækja og samverustundir fjölskyldna í landinu. Persónuvernd gerir ekki athugasemdir við efni tillögunar, enda ekki séð að hún feli í sér vinnslu persónuupplýsinga í skilninig laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Virðingarfyllt

Lárus Sigurður Lárusson
lögfr.

Alþingi
Erindi nr. P 136/198
komudagur 24.11.2008

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Reykjavík, 20. nóv. 2008

Stjórn Prestafélags Íslands hefur tekið til skoðunar tvö þingmál sem allsherjarnefnd Alþingis hefur til meðferðar.

Þingsályktunartillaga um skipan frídaga að vort, 85. mál, er byggð á því að óhagræði fylgi stökum frídögum inni í miðri vinnuviku. Á móti má benda á að mikilvægt er að slíkir frídagar slitni ekki úr tengslum við uppruna sinn og tilverurétt. Stjórn PÍ telur ekki ástæðu til að hrófla við þeirri skipan frídaga sem löng hefð er fyrir í landinu.

Stjórn PÍ styður hins vegar frumvarp til laga um bann við líkamlegum refsingum o. fl., 19. mál. Ekki má leika neinn vafi á því að lög verji börn fyrir harðræði fullorðinna, hvort sem um er að ræða vanrækslu eða beint ofbeldi.

Virðingarfyllst,
f. h. stjórnar Prestafélags Íslands,



sr. Ólafur Jóhannsson, formaður



Alþingi
Erindi nr. P 136/37
komudagur 7.11.2008

UMBOÐSMAÐUR BARNA

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík


Reykjavík, 3. nóvember 2008

Efni: Tillaga til þingsályktunar um skipan frídaga að vori, 85. mál.

Vísað er til bréfs allsherjarnefndar Alþingis, dagsett 28. október 2008, þar sem óskað er eftir umsögn umboðsmanns barna um ofangreinda þingsályktunartillögu.

Þar sem tillagan varðar ekki börn með beinum hætti tekur undirrituð ekki efnislega afstöðu til hennar.

Virðingarfyllst,


Margrét María Sigurðardóttir

Alþingi
Erindi nr. P 134/139
komudagur 18.11.2008



Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
b/t Elín Valdís Posteingsdóttir
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. nóvember 2008.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um skipan frídaga að vori (85. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu til þingsályktunar sem felur í sér að skipað verði nefnd til að vinna að undirbúningi lagasetningar um breytta skipan frídaga að vori.

Markmið tillögunnar, að hlúa að framleiðni fyrirtækja og samverustundum fjölskyldna, eru eðli málsins samkvæmt góðra gjalda verð og vert er að líta til fordæma Norðurlandanna á þessu sviði. Viðskiptaráð telur hinsvegar óþarft að skipa nefnd um málið og hvetur því til að lagt verði fram frumvarp um sama mál þar sem nauðsynleg umræða um fyrirkomulag frídaga getur hæglega átt sér stað í lagasetningaferlinu. Við núverandi aðstæður ætti allt kapp að vera lagt á að lágmarka útgjöld ríkissjóðs og að auki myndi nefndarskipan um málið einungis tefja framgang þess.

Viðskiptaráð leggur til að tillagan nái ekki fram að ganga, en hvetur þess í stað til hafist verði handa við undirbúning lagafrumvarps sama efnis.

Virðingarfyllt,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs